Kristinn, sem var ekki aðeins hinn merkasti bókmenntafræðingur heldur líka róttækur vinstri maður, tók einnig afstöðu samkvæmt sinni pólitísku sannfæringu. Hann leyndi því ekki að sér þætti þessi ungi höfundur hafa rækt hugsjónina miður en skyldi: « . . . eins og þróttur hans og trú hafi dvínað.» Þótt umsögn þessi hafi verið sakleysislega orðuð og hver sá, sem fylgdist með skrifum Kristins, hafi mátt gera sér ljóst hvað hann átti við, leikur ekki vafi á að höfundurinn ungi stóð hallari fæti eftir en áður; slíkur var máttur orða þess manns sem stofnað hafði Rauða penna og nú ritstýrði Tímariti Máls og menningar, auk þess sem hann hafði safnað um sig harðsnúnu liði skálda og menntamanna; og hafði vissulega áhrif langt út fyrir raðir sinna manna. Óskar Aðalsteinn hafði áunnið sér nafn og átti nú sín bestu ár framundan. En hver hefur áhuga á verkum ungs höfundar sem er þegar búinn að skila sínu mesta, strax farinn að fella af? Þar að auki var hann niður kominn á þess háttar stað að hann gat trauðla notið stuðnings af daglegu samneyti við aðra unga höfunda, ekki komist í neinn hóp sem margur rithöfundur telur sér lífsnauðsyn til hvatningar og örvunar. En á þessum árum gerðist einmitt algengara að höfundar slægju sig saman í hópa, meðal annars til að styðja hver annan, beint og óbeint. Síst þótti fýsilegt að einangra sig, né vænlegt til frama! Að gerast atvinnurithöfundur var alls ekki inni í myndinni. Þvert á móti mátti höfundur vera feginn ef einhver fékkst til að gefa út bækurnar hans án þess að verulegt gjald kæmi fyrir. Hins vegar gerðist nú algengara að höfundar notuðu fjölmiðla til að vekja athygli á sjálfum sér og verkum sínum.

Óskar Aðalsteinn var síst allra í aðstöðu til þess. Eins og aðrir ungir rithöfundar varð hann að ganga að einhverju starfi. En þótt hann hefði nú valið starf sem veitti bæði tíma og næði var ekki hægt að loka augunum fyrir hinu að vitavörðurinn á Hornbjargi var langt utan kallfæris við menn og stofnanir sem útdeildu áhrifum og «viðurkenningu».

En það var ekki þessum unga manni líkt að láta deigan síga. Áfram hélt hann að senda frá sér bækur, oftast árlega en stundum með smáhléum. Honum tókst að varðveita bæði lífstrú sína og lífsþrótt. Og hæfileg fjarlægð frá yrkisefni veitti honum víðari yfirsýn; þarna gafst þó tóm til að endurskoða reynslu sína, vinna úr henni. Fyrst tók hann sér smáhvíld frá alvörumálum stóra heimsins og setti saman nokkrar barna- og unglingabækur. Þess konar ritstörf voru þá í minni metum en nú. En börn lásu þá mikið; og þakklátari lesendur var hvergi að fyrirhitta. Og Óskar Aðalsteinn komst að raun um að veröldin var ekki aðeins full af mismunandi háleitum hugsjónum og persónum sem hver um sig gat talist merkileg á sína vísu; hún var líka skemmtilega smáskrítin; sérhver hlutur hafði hliðar tvær: hina alvarlegu og hina kómísku. Þannig lýsa *Kosningatöfrar* þeim háalvarlega en jafnframt spaugilega kappleik sem kosningabarátta var um þetta leyti í fámennu kjördæmi úti á landi þar sem barist var um atkvæði hvert og eitt orð eða svipbrigði frambjóðanda gat ráðið úrslitum um gæfu hans á kjördegi. Kosningatöfrar er í röð skemmtilegri skáldsagna sem út komu á sjötta áratugnum og átti skilið meiri athygli en hún hlaut.

En nú verður að fara fljótt yfir sögu og stikla á stóru því sífellt bætti Óskar Aðalsteinn við ritsafn sitt, bæði að magni og fjölbreytni. Hér skulu nefndar — og þá nánast af handahófi — bækurnar *Vonglaðir veiðimenn, Lífsorrustan, Úr dagbók vitavarðar, Í röstinni* og *Fyrirburðir á skálmöld*. Hin síðast talda gerist á heimsstyrjaldarárunum síðari; segir meðal annars frá sveitapilti sem gerist sjómaður í millilandasiglingum og tekur sér síðan fyrir hendur að hjálpa sjúkum og hrjáðum. Meginstefið felst hins vegar í þeirri staðreynd «að hugarbirtan er það eina ljós, sem maðurinn býr við». Höfundurinn hefur nú fært sig um set því upplýst er að bókinni sé lokið á «Reykjanesvita, á vorjafndægri 1982». Óskar Aðalsteinn hafði varið ævinni sem útvörður mannheima — líkt og landvættirnar forðum! Hann hafði farið á mis við daglegt andríki kaffihúsa og uppörvun fjölmennis. Langvarandi sambúð við náttúruöflin setja svip á skáldverk hans. Borgarbúinn sér náttúruna gjarnan sem eitthvað dautt og kalt. Hinn, sem lifir *í* og *með* náttúrunni veit hins vegar að hún er bæði full af lífi og síbreytileg. Og vissulega býr hún ekki aðeins yfir sínum frumstæða mætti heldur líka sínum duldu öflum. Það eru dulmögnin í manninum og náttúrunni sem yfirskyggja skáldverk eins og Fyrirburði á skálmöld. Yfir fólki og atburðum sögunnar hvílir skuggi styrjaldar og dauða. Gegnum hann skín svo ljós það sem hver og einn getur látið stafa frá verund sinni ef hann aðeins gefur sér tóm til að hlýða á röddina í brjósti sínu.

Hálf öld er nú liðin síðan Óskar Aðalsteinn sendi frá sér Ljósið í kotinu. Þá þegar hafði hann komist að raun um að lífið er brothætt og að skáldsagnahöfundur verður að fara að söguhetjum sínum með fullri gát. Þá var hann ungur. Nú er hann orðinn sjötugur, fæddur 1. maí 1919. Tíminn heldur sínu striki.

Óskar Aðalsteinn er raunar yngstur — og þar með síðastur þeirra höfunda sem skrifuðu í kreppunni og mótuðust af henni. Hann var harður, skólinn sá. Svo kom stríð og hernám að ógleymdum stríðsgróðanum með öllu því umróti sem hann hafði í för með sér; síðast eftirstríðsárin með breyttu gildismati, jafnt í lífi og listum. Að lifa þetta allt og festast ekki í sínu gamla fari er ærið afrek út af fyrir sig. Kreppuskáldið varð að laga sig að gjörbreyttum aðstæðum; byrja upp á nýtt!

Óskar Aðalsteinn hefur lengst af staðið fjarri hringiðu atburðanna. Í því hefur falist bæði styrkur hans og veikleiki. Samneytis við fjöldann hefur hann ekki notið og vel má vera að verk hans gjaldi þess í einhverju. En með því að standa álengdar hefur hann getað lagt hlutlægara mat á yrkisefni sín. Vafalaust hafa nágrannar hans, bjargið og brimaldan, hvíslað í eyra hans mörgum vísdómi sem ekki fæst í ærustu þéttbýlisins. Í tvennum skilningi hefur hann fundið til í stormum sinna tíða. Og staðið af sér öll veður.

* * *

Í tilefni af 70 ára afmæli Óskars Aðalsteins verður einn liður í dagskrá á hátíðarsamkomu verkalýðsfélaganna, sem haldin verður í Stapa í Njarðvík, helgaður honum og verkum hans. Þar mun Hilmar Jónsson ávarpa höfundinn og lesið verður upp úr skáldverkum hans.

Óskar Aðalsteinn tekur á móti gestum í Sjálfstæðishúsinu í Njarðvík eftir kl. 4 á afmælisdaginn 1. maí.

Blökk tilbrigði

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er sérstæð og áhugaverð sýning, sem listakonan **Sigríður Ásgeirsdóttir** hefur sett upp í kjallarasölum Norræna hússins.

Sigríður, sem er glerlistamaður, hefur víða komið við í sinni sérgrein, þótt þetta sé hennar fyrsta veigamikla sýning hér á landi.

Menntun sína hlaut hún í listaskólanum í Edinborg, en hafði áður numið í tvö ár í Myndlistarskólanum í Reykjavík.


Hún hefur tekið þátt í ýmsum samsýningum og þeim flestum á erlendri grund og eina einkasýningu hefur hún haft í Slunkaríki á Ísafirði. Þá hefur hún hlotið margvíslegar viðurkenningar á ferli sínum, þótt ekki séu nema 5—6 ár síðan hún lauk námi, og að auki gert fjölda listskreytinga fyrir opinbera aðila og einstaklinga.

Það er auðséð af sýningunni að dæma að Sigríður vill fara sínar eigin leiðir í listsköpun sinni og að hún er metnaðarfullur fulltrúi á sviði glerlistar.

Eins og allir mega vita, þá er gler ákaflega litfagurt og fallegt og því næsta auðvelt að ná áferðarfallegum árangri, sem hrífur augað og gengur í fólk. En Sigríður fer þá leið, sem kannski er síst til vinsælda hérlendis og notar mest mjög dökka og svarta tóna eða næsta litlaus grá tilbrigði. Og listsköpun hennar einkennist að auki af formrænum tilraunum í allar áttir í stað þess að nota annaðhvort klassíska gluggaformið eða þá kringlótt form.

Einkum er það þríhyrnda formið sem mjög sækir á í listsköpun Sigríðar og þá bæði í stórum og smáum stærðum, en einnig koma fram hvers konar óregluleg form.

Og þetta allt er styrkur sýningarinnar út og í gegn og eini veikleikinn virðist sá, að hún er sett upp á röngum breiddargráðum, þar sem menn eru ekki tilbúnir að



Sigríður Ásgeirsdóttir

meðtaka jafn óvenjulega og framúrstefnulega tegund af glerlist.

Það er satt að segja erfitt að gera upp á milli verkanna á sýningunni sakir formrænnar fjölbreytni þeirra, en í heild virkar þessi sýning vel á mig og hún er ótvíræður sigur fyrir hina ungu listakonu.

Leirlist


Í Vestari gangi Kjarvalsstaða hefur **Ragna Ingimundardóttir** komið fyrir miklum fjölda stórra leirvasa og skála.

Ragna sýndi á sama stað fyrir tveim árum, ef ég man rétt, og vakti sú sýning góða athygli.

Það er eftirtektarvert við þessa sýningu, hve Ragna vinnur í fyrirferðarmiklum stærðum, sem er næsta óvenjulegt um hérlent leirlistafólk nú til dags. Og annað, sem er athyglisvert, er hve sígild vinnubrögð hún temur sér. Minna vasarnir stundum á ævaforn vinnubrögð, en það mun einkennandi fyrir sumt núlistafólk að leita langt aftur í fortíðina að fyrirmyndum og aðferðum og það jafnt í listiðnaði sem hinni sígildu mótunarlist.

Ragna er gjörn að hlaða vasana skreytiformum og leiðir það hugann einnig til fortíðarinnar og þá einkum frumstæðra þjóðflokka.

Það er þó svo að sjálft aðalformið vill á tíðum drukkna, gerist skreytiformið fullágengt, og



Ragna Ingimundardóttir

það á vissulega einnig við hjá Rögnu og þannig tel ég það vera heillegustu vasana, er listakonan gætir hófs, eða að sjálf skreytingin falli fagurlega að hinu sérstaka formi vasanna.

En auðséð er á sjálfum vösunum, að Ragna er gædd ágætri formkennd og er á góðri þroskabraut.

Art Hún

Að Stangarhyl 7, sem er í næsta nágrenni við nýju Mjólkurstöðvarbygginguna, hafa fimm stórhuga listakonur hreiðrað um sig í glæsilegri nýbyggingu.

Hafa þær allar vinnuaðstöðu á staðnum og eru nú með sýningu á nýjum verkum sínum sem stendur til 1. maí.

Listakonurnar fimm eru þær **Elínborg Guðmundsdóttir**, sem fæst við leirlist, **Erla B. Axelsdóttir** (málverk), **Helga Ármanns** (grafík), **Margrét Salome Gunnarsdóttir** (leirlist) og **Sigrún Gunnarsdóttir** (leirlist).

Ekki verður annað sagt en að vinnuaðstaðan sé hin ákjósanlegasta enda minnist ég þess ekki að hafa komið inn í jafn glæsileg húsakynni listafólks, sem er að leggja út á listabrautina.

Er því mikill framkvæmdahugur sem hér liggur að baki og þá ekki síst vegna þess að verkstæðið liggur ekki á alfaraleið. En við það má ætla að listakonurnar fái meira næði til listrænna athafna og að sjálfsögðu munu þær dreifa verkum sínum í listaverslanir á milli þess sem þær hafa væntanlega verkstæðissýningar, svo sem þessa fyrstu. Allt er mjög vel skipulagt og vinnuaðstaðan t.d. mun betri og andrúmið skemmtilegra en í MHÍ.

Sýningin sjálf er hin ásjálegasta og minna skal á að slík framkvæmd hefði verið stórviðburður fyrir einungis fáeinum árum og er raunar enn drjúgur viðburður. Þar getur allt í senn að líta fjölþætta og vandaða leirlist, stórar og smáar teikningar, grafík, málverk og jafnvel einn stóran skúlptúr, er býður gest og gangandi velkominn er inn í húsakynnin er gengið.

Er ástæða til að óska hinum hugumstóru valkyrjum velgengni, vinnufriðar og listrænnar grósku í framtíðinni.

SMÁMYNDIR

Í listhúsinu „Undir pilsfaldinum" sýnir um þessar mundir **Sigurlaugur Elíasson** 34 þrykkmyndir, tréristur, plastþrykk og einþrykk. Allar eru myndirnar í smærra laginu og á stundum virka þær sem skreytingar við ljóð, sem kann að stafa af því, að höfundurinn hefur einnig fengist við ritstörf og m.a. gefið út tvær bækur.

Sigurður stundaði nám við málaradeild MHÍ á árunum 1979—83 og hefur haldið sjálfstæða sýningu í Listasafni ASÍ árið 1985 — sýndi þar málverk og grafík. Einnig hefur hann haldið sýningar á Sauðárkróki og Borgarfirði eystra.

Það er einhver skáldleg æð, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum myndveröld Sigurðar á sýningunni núna og þannig eru þetta flest einfaldar smámyndir, þar sem ekki er lögð mikil áhersla á sjálfan skurðinn, en þeim mun meiri á sjálfa innsæja tjáninguna.

Einna sterkast kemur þetta til skila í myndum eins og „Blýlýsi" (12), Portrett, I og II (18 og 19) svo og myndinni „Talað inn í svefn" (22). Þessar myndir höfðuðu mest til mín og höfðu yfir sér mestan listagrafískan svip.

